

G u ð b j ö r n J ó n s s o n
R á ð g j ö f o g r é t t a r g r e i n i n g

Ríkisendurskoðandi,
Hr. Sveinn Arason
Bríetartúni 7, 105 Reykjavík.

Reykjavík 09.06. 2015

ERINDI: Í framhaldi af fundi okkar fyrir skömmu varðandi ABC barnahjálp. Með erindi þessu fylgir Excel-skjal þar sem teknar eru saman upplýsingar úr Ársreikningum ABC barnahjálp á Íslandi, fyrir árin 2001 til og með 2013.

Eins og ég gat um á fundinum var ég áður, um nokkurt skeið, sjálfboðaliði við fjársöfnun ABC hér á höfuðborgarsvæðinu. Við hjónin höfum einnig verið að greiða framfærslu og menntunarkostnað barna í gegnum ABC á Íslandi. Fyrst greiddum við til stúlku hjá Litlu ljósunum á Indlandi. Nú er hún orðin fullorðin, útskrifuð úr æðri skóla með fagmenntun og komin á fulla ferð í lífinu. Síðan höfum við samskonar stuðning við stúlkubarn í Kenya og styðjum hana enn. Mér hefur því verið einstaklega hlýtt til þessarar starfsemi og velti ekki fyrir mér hvernig starfsemin var skráð eða rekin. Tók trúanleg þau orð að allt það fé sem lagt væri af mörkum til framfærslu barna í öðrum löndum, **færi algjörlega óskert til barnsins**, eða starfseminnar í því landi sem annaðist rekstur barnaheimila og skóla undir formerki ABC,

Það var því ekki fyrr en nú nýlega sem ég heyrði orðróm um að færa ætti yfirstjórnun á starfi ABC til Svíþjóðar, og útteila peningunum þaðan, sem ég fór að velta fyrir mér hvað væri á seiði. Í ljós kom að í mörgum löndum þar sem ABC hafði starfsemi, var óánægja með þessa ætlan. Ákveðnust virtist andstaðan við að færa yfirstjórnun starfsins til Svíþjóðar, vera hjá Þórunni Helgadóttur, sem drifið hafði upp starfið í Kenya af miklum krafti, auk þess sem hún hafði fengið fleiri lönd en Ísland til að safna fé til uppbyggingar í Kenya. Starfið í Kenya var því einungis að hluta fjármagnað frá Íslandi. Þar komu líka að máli frændur okkar í Færeyjum, framlög frá Bretlandi og Bandaríkjunum og Ítalía líklega að bætast í þann hóp fljótlega.

Starfsemi ABC er með þeim hætti að í hverju landi er sjálfstætt skráð félag sem rekur starfsemina í því landi, þ. e. barnaheimili, skóla og fátækrahjálp. Einnig eru sjálfstæð félög, undir formerkinu ABC í nokkrum löndum sem safna sjálfstætt fjármagni til stuðnings tilteknum starfslöndum. Sum löndin senda undir skipulagi ABC á Íslandi. Önnur lönd senda peningana beint til landsins sem þeir styðja.

ER ABC Á ÍSLANDI EKKI RANGT SKRÁÐ ???

Þegar ég fór að skoða samþykktir, eða skipulagsskrá ABC á Íslandi varð ég dálítið hissa að sjá þessa stofnun skráða sem **Sjálfseignastofnun sem útteili fé úr eigin sjóðum**. EKKERT SLÍKT GERIST HJÁ ABC Á ÍSLANDI.

Starfsemi ABC á Íslandi fer þannig fram að safnað er stuðningsfólki til að greiða **mánaðarlegt gjald til framfærslu og menntunar tilteknu barni í tilteknu landi**. Um er að ræða sérstakt barn, með nafni. Komið er á sambandi milli stuðningsforeldris og barns, þannig að stuðningsforeldri fær tvisvar á ári fréttir af barninu og námsárangri þess. Ekkert er því óljóst um til hvers peningarnir eru greiddir. **EKKI er því um að ræða óskilyrta greiðslu til ABC, sem færa megi sem tekjur til ABC á Íslandi**. Frekar væri hægt að líta á ABC á Íslandi sem einskonar **færsluhirðir**, sem safnar saman framlögum hvers mánaðar og sendir það framlag til viðkomandi lands og viðkomandi framfæranda barnsins.

ABC á Íslandi stundar einni fjársafnanir til afmarkaðra og tiltekinnar verkefna, í tilteknu landi. Auk þess var almenn söfnun til greiðslu rekstrarkostnaðar skrifstofu ABC á Íslandi en árið 2007 varð breyting þar á þegar Vínafélag ABC var stofnað til greiðslu launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar við starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi. Samspil þessara tveggja félaga virðist annars afar óljós.

Eftir því sem skilja má lög nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, eru þau lög fyrir sjóði og stofnanir **sem eiga verulegar eignir sem styrkir eru veittir úr eftir nánari reglum þar um**. Í Greinargerð Ríkisendurskoðunar um hlutverk hennar samkv. 5. gr. laga nr. 19/1988, segir eftirfarandi um sjálfseignastofnun:

„Stjórn sjóðsins var jafnframt heimilt að ráðstafa árlega styrkjum til bágstaddra í byggðum Eyjafjarðar en þó aldrei hærrí fjárhæð en nemur afgangi jarða auk vaxta af höfuð- stól, sem aldrei má skerða. Fleiri dæmi mætti nefna um sjálfseignarstofnanir af svipuð tagi á sjóðaskrá stofnunarinnar þó þetta verið látið duga.

Danskir fræðimenn hafa lýst hinni dæmigerðu sjálfseignarstofnun þannig að um sé að ræða kyrrlátt fyrirbæri, þar sem á einum eða tveim árlegum stjórnarfundum eru teknar ákvarðanir um úthlutun eða ráðstöfun fjármagns og um ársreikninga.¹ Segja má að þessi lýsing eigi vel við um langflesta þá sjóði og sjálfseignarstofnanir, sem falla undir lög nr. 19/1988. Allt annað á að sjálfsögðu við um sjálfseignarstofnanir, sem stunda atvinnurekstur, og því er löggjöf um starfsemi þeirra með mjög markvissum hætti einkum byggð á ákvæðum laga um hlutafélög, sbr. lög 33/1999.“

Af þessu má ráða að sjóðir og stofnanir sem heyrst geti undir lög nr. 19/1988 séu **eignasjóðir eða stofnanir**, sem heimild hafi til úthlutunar styrkja að andvirði er nemur, afgangi jarða, leigutekjum fasteigna eða ávöxtun sjóða **en höfuðstól megi ekki skerða**.

Í besta falli gæti ABC barnahjálpar fallið undir lög nr. 33/1999, því ABC er meira í takti við færsluhirði, þar sem fjármagni í eigu annarra er safnað saman til fyrirfram ákveðinna verkefna. ABC er því SKYLT að afhenda viðkomandi aðilum allt það fé sem safnast, en ekki einungis þá ávöxtun sem orðið hefur af höfuðstól eigna.

Óhjákvæmileg fylgir því umfangsmikil starfsemi að halda utanum innborganir þúsunda aðila á framfærslu- og menntunarstyrk til þúsunda barna í u.þ.b. 10 löndum ef inngreiðslur til hvers lands fyrir sig fer ekki inn á sérstaka bankareikninga. Mikil vinna getur legið í sundurliðun innborgana og annast síðan mánaðarlega yfirfærslu fjármuna hvers lands til þeirra barna sem fólk er að styrkja persónulega. Með góðu skipulagi er hægt að láta bankakerfið annast þessa sundurliðun milli landa, með því að hvert land hafi sinn innláns eða söfnunarreikning, þá liggur ævinlega ljóst fyrir hvaða upphæð hefur safnast til hvers lands fyrir sig.

Auk þessa grunnverkefni eru svo ýmsar safnanir til einstakra verkefna. Starfsemi ABC hlýtur því að flokkast sem rekstraraðili en ekki sem sjóður. Starfsemin ætti því að flokkast undir lög nr. 33/1999.

SKIPULAGSSKRÁ ABC Á ÍSLANDI

Þegar skipulagsskrá ABC barnahjálpar á Íslandi er skoðuð, verður ekki betur séð en þar sé beinlínis gert ráð fyrir umfangsmiklu starfi en ekki hljóðlátri stofnun þar sem stjórn komi saman einu sinni til tvisvar á ári til úthlutunar fjármagns og skila á ársreikningi.

Þegar uppgjörstölur úr ársreikningum ABC á Íslandi er borið saman við ákvæði skipulagsskrár, kemur ýmislegt einkennilegt í ljós. Uppgjörstölur ársreikninga 2001 – 2013 eru á meðfylgjandi samantektarblaði en ársreikningar eiga að vera Ríkisendurskoðanda aðgengilegir og fylgja því ekki með.

Samkvæmt útskrift frá Ríkisskattstjóra, var félagið ABC HJÁLPARSTARF kt: 690688-1589, stofnað þann 29.06.1988 af Georg Ólafi Tryggvasyni, Guðrúnu Margréti Pálsdóttur og Halldóri Pálssyni. Starfsemin virðist rekin sem FÉLAG, til ársins 2006 en þann 23.05.2006 var gerð breyting á nafni, þar sem breytt var úr nafninu ABC HJÁLPARSTARF, yfir í Sjálfseignarstofnun undir nafninu ABC BARNAHJÁLP. Sama dag er samþykktum breytt í Skipulagsskrá fyrir ABC barnahjálpar Sjálfseignarstofnun.

Á heimasíðu ABC barnahjálpar er ekki að finna Skipulagsskrána frá 2006, en þar má finna skipulagsskrá sem dagsett er þann 23. apríl 2007. Er hún sögð staðfest af sýslumanninum á Sauðárkróki. Sú skipulagsskrá kemur ekki fram í gögnum RSK og við eftirgrennslan þar finnast engar heimildir um skipulagsskrána frá 23. apríl 2007.

Einkennileg breyting virðist hafa orðið á liðunum, **tilgangi og markmiðum** í Skipulagsskrá ABC barnahjálpar á Íslandi á árinu 2007. Engin breyting var þó gerð á samning okkar um framkvæmd stuðningsgreiðslu okkar til Kenya. Greiðsla skyldi innt af hendi til ABC á Íslandi, sem mundi millifæra upphæðina til hjálparstarfsins í Kenya. Á þessu fyrirkomulagi hefur ekki verið gerð nein breyting. Síðast þegar við vissum, í apríl 2015, sendi ABC á Íslandi framfærsluféð til Kenya en ekki til ABC International.

Framfærslu fé stuðningsfjölskyldna, til barnmanna í Kenya var ekki skilað þann 5. maí og 5. júní 2015, sem stuðningsforeldrar verða líklega að krefjast opinberlega að verði skilað.

Það sem aðallega snýr að Ríkisendurskoðun í þessum málum eru ársuppgjörin og trúverðugleiki þeirra. Eins og ég benti á, þarna á fundinum, er verulega ábótavant rétttri skráningu á því fjármagni sem fer samkvæmt fyrirfram gerðu samkomulagi, í gegnum ABC barnahjálpi á Íslandi, til framfærslu og menntunar barna í öðrum löndum. Slíkt fé er ekki greitt til ABC á Íslandi og getur því ekki með neinum réttmætum hætti talist þar til tekna. Þetta fé á í raun að vera skráð hjá ABC á Íslandi sem VÖRSLUFÉ en ekki sem tekjur.

Einnig er ég mjög undrandi á að ekki skuli hafa verið gerð krafa um frekari sundurliðun á verulega háum samtölum kostnaðarliða og gerð krafa um skýringarflokk til sundurliðunar slíkum stærðum.

Þá vil ég hér minna á að á fundinum vakti ég athygli á undarlega háum veltutölum tekna og rekstrargjalda hjá ABC barnahjálpi International, sem ekki svo vitaðs sé hafi neina rekstrarstarfsemi með höndum. Þú bentir á að þarna gæti verið um að ræða millifærslu frá ABC á Íslandi, í gegnum ABC International, til landsfélaganna sem annast framfærslu barnanna. Ekki gafst tími til að rökræða það ferkar en hér vil ég benda á að slík millifærsla vörslufjár kalla alls ekki á tekjuskráningu, því ABC International á slíkt millifærslufé ekki og hefur því enga réttarstöðu til að skrá það sem sínar tekjur.

Sama virðist eiga við um rekstrargjöldin hjá ABC International og áður var getið varðandi ABC Ísland, að sundurliðanir útgjalda, með skýringarflokkum vantar algjörlega. Ef ég vogaði mér að senda inn svona uppgjör fyrir smáfyrirtæki væri þegar gerðar athugasemdir við slíkt uppgjör. EN hjá Sjálfseignastofnun virðist þetta vera í lagi?

Þá vekur einnig athygli að hér er um að ræða tvær Sjálfseignarstofnanir, ABC barnahjálpi kt: 690688-1589 og ABC barnahjálpi International kt: 620207-1790. Hvorug þessara Sjálfseignarstofnana virðist vera með neitt FASTAFÉ eða STOFNSJÓÐ í ársreikningum sínum og við slíkt virðist ekki vera gerð nein athugasemd?

Samkvæmt fréttum má gera ráð fyrir að á bilinu 10 – 15 þúsund fjölskyldur leggi mánaðarlega inn til ABC á Íslandi fjármagn til framfærslu þeirra barna sem fólkið er að styðja. ABC virðist færa þetta fé í bókhaldi sínu sem SÍNAR TEKJUR, og þannig leggja með ólögætum hætti eignarhald sitt á það fé sem í raun er VÖRSLUFÉ en ekki eign ABC í tekjuformi. Ég veit að ég þarf ekki að útskýra fyrir þér muninn á möguleikum til endurkröfu á vörslufé, sem ekki skilar sér til réttis eiganda, borið saman við að endurkrefja greiðslu sem færð hefur verið sem tekjur stofnunar.

Þegar þess er einnig gætt að hér gæti mánaðarlega verið um að ræða upphæð sem nemur 20 milljónum eða meira, er ekki óeðlilegt að gerð sé krafa um skýra og rétta skráningu þessa fjármagns í bókhaldi vörsluaðila. Ekki síst þegar til þess er litið að vörsluaðili er í raun eignalaus stofnun, án stofnsjóðs eða annars fastafjár, starfar í leiguhúsnæði þar sem leiga og rekstrargjöld starfsins eru greidd af Vinafélagi starfsins en ekki starfinu sjálfu, er vandséð hvar öryggisgirðingar okkar stuðningsaðilanna eru. Eignalaus aðili, sem virðist með samþykki opinberra eftirlitsaðila, skrá sammingsbundið VÖRSLUFÉ sem eigin tekjur, er eftir innborgun opin leið til að láta tekjurnar hverfa í einhver ótilgreind útgjöld og stuðningsfjölskyldur sitja uppi með skaðann.

Ég verð að viðurkenna að ég ætlaði varla að trúa mínum eigin augum, þegar ég sá hversu lítið eftirlit væri haft með svona mikilli fjársöfnun frá almenningi. OG þegar maður sér, að því er virðist, hreinlega búna til árs- veltutölur upp á um og yfir 300 milljónir, sem enginn raunveruleiki virðist að baki eins og virðist með ABC International, spyr maður sig hvernig það sé hjá þeim sem leggja sig út við að svindla? Ég er nefnilega þeirrar trúar að það sem gerst hefur hjá ABC sé fyrst og fremst klaufaskapur og vankunnátta í skipulagi og utunum haldi vörslufjár, eins og meginstarfsemi ABC snýst um, en ekki ásetningur um að svindla að neinu leyti.

Ég lýk þessari samantekt á að líta til þess að tvær Sjálfseignarstofnanir ABC barnahjálpi og ABC barnahjálpi International, eru samkvæmt skipulagsskrá nánast eins stofnanir, stofnaðar og reknar af sama fólkinu til að sinna sömu verkefnum á sama svæði. Þriðja aðilinn í þessu sérkennilega samspili er svo Vinafélag ABC, sem í fljótu bragði virðist vera félag 40 fyrirtækja. En þegar betur er gáð virðist ekkert þessara 40 fyrirtækja sem teljast vera meðlimir í félaginu, hafa þar kosningarétt til stjórnarkjörs.

Þessi þrjú aðilar, 2 stofnanir og eitt félag, virðast sameinast í einu verkefni, sem er að afla fjármuna til framfærslu og menntunar barna í fátækum löndum og standa undir kostnaði við þá fjársöfnun. Til að nálgast raunveruleikann sem best, setti ég upp Excel-skjal sem sýnir tekjur og gjöld þessara þriggja aðila ásamt samtölu. Sama er gert varðandi rekstrargjöldin. Þriðji þátturinn er svo það sem fram kemur í ársreikningum um ráðstöfun teknanna. Af niðurstöðum þessara talna virðist ljóst að leita þarf leiða til að nálgast uppgjörlegt jafnvægi mun betur en þarna virðist gert. Virðist ljóst að bæði tekjur og útgjöld séu tvíbókuð eða færð til bókar á fleiri en einni kennitölu.

Ég veit að ég þarf ekki að útlista þetta í smáatriðum fyrir ykkur eftir að þið hafið skoðað samantektir mínar og borið þær saman við ársreikninga og bókhaldsgögn. Hinn þátturinn finnst mér mikilvægastur, sem er að stofnun sem fær leyfi til að stunda fjársafnanir hjá almenningi í landinu sé rétt skráð í Fyrirtækjaskrá eða stofnanaskrá. Einnig er afar mikilvægt að gengið sé svo tryggilega frá skráningarmálum bókhalds hjá slíkum stofnunum að vörslufé, sem þær safna saman og skila til réttis eiganda, verði ekki bókfært í bókhaldi stofnunar sem þeirra eigin tekjur. Það verður að varast því slíkt getur flægt verulega stöðu lögmæts eiganda fjárins til að krefjast endurgreiðslu, verði fénu ekki skilað til lögmæts viðtakanda þess.

Læt hér staðar numið að sinni og vænti skjótra viðbragða að því leyti sem lög heimila ykkur. Ég ber þá von í brjósti að hægt verði að forða alvarlegri umturnun á lífi saklausra barna, sem veitt hefur verið skjól og öryggi með reglulegum greiðslum stuðningsforeldra, en þær greiðslur hafa nú, með ólögmætum hætti verið stöðvaðar hjá vörsluaðila fjármunanna, sem með slíkum aðgerðum hefur þar með rift samstarfssamningi, milli ABC barnahjálpar á Íslandi og ABC Children's Aid, Kenya, en sá samningur hefur þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Meðfylgjandi gögn með þessu bréfi eru: **(Skjal 1 Excel-skjal í A3 broti)** Samantekt niðurstaðna ársreikninga ABC á Íslandi frá árinu 2001 til og með árinu 2013. **(Skjal 2)** Yfirlit yfir tekju- og kostnaðarskrá ABC á Íslandi (stofnun 1351) og ABC International (stofnun 1690), eins og þeir liðir koma fram í skrá hjá Ríkisendurskoðun fyrir árin. **(Skjal 3)** Er yfirlit yfir niðurstöður ársreikninga Vínafélags ABC, fyrir árin 2007 er Vínafélagið var stofnað, til og með ársins 2013. **(Skjal 4)** Er svo samandregið á einn stað **Tekjur, Rekstrargjöld og Ráðstöfun tekna**, þeirra þriggja stofnana sem málið varðar, fyrir árabilið 2007 til og með ársins 2013.

Það er von mín að þessar samantektir veiti ykkur grófa mynd af því sem ég er að gagnrýna í þessu erindi mínu. Ég tel mig eiga fullan rétt á að þið takið þessi mál til skoðunar, þar sem fjármunir okkar hjóna eru m. a. kyrrsettir með all hrottalegri valdbeitingu utan allra laga og reglna. Sorglegt að slíkur ófögnuður skuli drifinn áfram af Hæstaréttarlögmanni hér á landi, sem væntanlega veit að hann er utan lagaheimilda í framgöngu sinni, fyrir stofnanir sem kenna sig við kærleika Guðs og hafa mörg falleg fyrirheit í síðareglum sínum.

Virðingarfyllst

Guðbjörn Jónsson

Afrit sent:

Sýslumanninum á Sauðárkróki,
Guðrúnu Margræti Pálsdóttur, formanni ABC á Íslandi
Einari Gauta Steingrímssyni, lögmanni ABC á Íslandi
Þórunni Helgadóttur, formanni ABC Children Aid, Kenya.